

fyrirgert með drætti eða tómlæti að ganga eftir arfinum, sem hann eftir sögusögn Páls, kvaðst hafa ætlað að væri í vörzlum skiftaráðanda og talið þar vel geymdan, og eigi þurft fyrir á að halda. Og með því krafan eigi heldur álizt fallin úr gildi fyrir fyrningu, ber að taka hana til greina eins og gert er í bæjarþingsdómnum og með því einnig verður fallist á ákvæði dómsins um vexti og málskostnað verður að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Áfrýjandi Einar Benediktsson greiði stefnda Gisla Sveinsyni fyrir hönd dánarbús Sigurbergs Einarssonar 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður en 8 vikur eru liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. janúar 1917.

51/1916.

Borgarstjóri Reykjavíkur  
f. h. bæjarsjóðsins  
gegn  
Hannesi Thorarensen f. h.  
Sláturfélags Suðurlands.

## D ó m u r :

Um mánaðamótin febrúar—marz 1915 lagði nið-urjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar aukaútsvar að upphæð 1300 kr., til bæjarsjóðsins á Sláturfélag Suðurlands; var félagið krafíð um gjaldið 25. marz 1915, en það tregðaðist við að borga það. Var síðan í tæka tíð beiðst lögtaks á gjaldinu fyrir hönd bæjarsjóðsins, og eftir að málsaðilar hvor frá sinni hlið höfðu útlístað málið með skriflegum sóknar- og varnarskjölum, var það tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 18. maí f. á., og síðan hinn 11. júlí s. á. kveðinn upp í fógetaréttinum svofeldur úrskurður, að hið umbeðna lögtak skyldi fara fram fyrir 100 kr. en frekara ekki, en greint 100 kr. útsvar hafði Sláturfélagið samþykkt að greiða. Úrskurði þessum hefir borgarstjóri Reykjavíkur skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 28. ágúst f. á. og hefir hann krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að lögtaksbeiðni hans verði í heild sinni til greina tekin að því er umrætt útsvar snertir, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað eftir mati réttarins. Af annari hálfu hefir stefndi fyrir hönd Sláturfélagsins krafist þess að málinu verði frávísað, með því að fógetanum, er kvað upp hinu áfrýjaða úrskurð, eigi hafi verið stefnt til yfirdómsins, en til vara krefst stefndi þess að úrskurðurinn verði staðfestur, svo og að Sláturfélaginu verði tildæmdur málskostnaður, hvernig sem málið fer.

Þá hefir stefndi og krafist þess að báðir meðdómendurnir í yfirdóminum víki úr dómarasæti í

máli þessu, með því að þeir hafi verið i niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á þeim árum, sem útsvar hefir verið lagt á Sláturfélagið.

Út af þessu skal það tekið fram, að fyrsti meðdómandi, yfirdómari Halldór Danielsson, hefir hvorki setið i bæjarstjórn né niðurjöfnunarnefnd síðan mál þetta hófst, og að hann var eigi i niðurjöfnunarnefndinni þá er aukaútsvarið, það er hér er um deilt, var á lagt. Honum er því hvorki rétt né skylt að víkja úr dómarasæti i málinu.

Um frávisunarkröfu stefnda athugast, að hinum setta fógeta, Birni Þórðarsyni, sem kvað upp fógetaúrskurðinn, hefir að vísu eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn i málinu, en það er yfirdóminum kunnugt af öðrum málum, sem komin eru undir dóm réttarins, að Björn Þórðarson var skipaður til að gegna dómarastörfum og þá einnig fógetastörfum i Reykjavík, á ábyrgð hins reglulega dómara og fógeta, þá er úrskurðurinn var uppkveðinn, og þar sem nú hinum reglulega dómara hefir verið löglega stefnt, er eigi ástæða til að frávísa málinu fyrir greinda sök.

Þegar til aðalefnis málsins kemur, heldur stefndi því fram, að Sláturfélagið sé eigi útsvarsskylt, með því að það sé samvinnufélag, sem að eins fáist við »framreiðslu innlendrar framleiðslu«, taki við fénaði félagsmanna til ráðstöfunar á þeirra kostnað, og fái hver félagsmaður alt verð þess fénaðar, sem hann leggi i samlagið að frádregnum kostnaði við sölu; félagið reki ekki verzlun eða kaup og sölu fyrir hlutafé eða félagsaflafé, sé ekki gróðastofnun, reki ekki arðsama atvinnu og hafi ekki lögskráð heimilis-

fang á neinum tilteknum stað innan félagssvæðisins; félagið sé aðeins samband manna til að bera kostnað við sölu afurða búa sinna með því að selja þær í samlögum og ná sem bestum markaði fyrir þær, og hagnaðurinn sem ynnist við það, falli beint til félagsmanna, en félagsheildin njóti ekki hagnaðarins sem sliik. Þó kannast stefndi við, að söludeild félagsins, sem það hefir í Hafnarstræti í Reykjavík, sé rekin eftir öðrum starfsreglum en þeim, er hér að framan er bent til.

Hins vegar heldur áfrýjandi því fram, að greinargerð stefnda, þessi er nú var skýrt frá, um félagið og starfsemi þess sé röng í mörgum atriðum og allsendis villandi, félagið sé eigi neitt frábrugðið öðrum félögum, sem stofnuð eru í gróðaskyni, það eigi dýrar byggingar og land (þ. e. lóð) í Reykjavík, það eigi stofnfé og varasjóð eins og önnur félög t. d. hlutafélög; það eigi einnig kaup við utanfélagsmenn og reki verzlun, enda hafi það sérstaka söludeild í Reykjavík, sem áður er áminst; þá sé og gert ráð fyrir því í lögum félagsins, að það kaupi slátur af félagsmönnum, og loks sé félagið réttindahafi allrar verzlunarupphæðarinnar. Telur áfrýjandi vafalaust, að félagið sé gróðastofnun, er reki arðsama verzlunaratvinnu í Reykjavík og bendir sérstaklega á, að stefndi hefir fyrir fógætaréttinum viðurkent að félagið hefir útsölu á kjöti og sláturafurðum í Hafnarstræti hér í bæ, og er það svonefnd Söludeild félagsins, heldur áfrýjandi því fram, að hún sé aðeins »limur af Sláturfélaginu«, og að öll verzlun hennar fari fram í nafni félagsins sjálfs, og sé það alkunnugt borgurum bæjarins þeim hinum mörgu, er verzli við áminsta söludeild. Áfrýjandi heldur því afdráttarlaust fram samkvæmt því,

sem nú er sagt, að Sláturfélagið sé útsvarsskylt í Reykjavík og að úrskurður fúgetaréttarins sé rangur í þessu efni, og sérstaklega sé úrskurðurinn ólög- mætur að því leyti, sem hann partar í sundur út- svarsupphæðina og skiftir henni, úrskurðar lögtak fyrir nokkrum hluta hennar, en synjar um lögtak fyrir mestum hluta hennar; til þess hafi fúgetinn ekki haft neina heimild í gildandi lögum, eins og krafa gerðarbeiðanda þá lá fyrir.

Þar sem stefndi virðist leggja mikla áherzlu á það, að Sláturfélagið sé samvinnufélag (Cooperatívt félag) og sé fyrir því eða sem slíkt undanþegið út- svarsskyldu, verður að taka það fram, að íslensk löggjöf þekkir eigi samvinnufélag, svo sem sérstaka tegund félaga, er njóti sérstakra hlunninda, svo sem þeirra að vera undantegin aukaútsvarsgjaldskyldu; þó að því Sláturfélagið sé kallað samvinnufélag, er ekkert þar með sagt um það, hvort það sé útsvars- skylt eða ekki, en til þess að leysa úr þeirri spurn- ingu, verður að rannsaka skipulag og starfsemi fé- lagsins, svo sem skjöl þessa máls veita kost á, og meta það svo eftir rannsókn þeirri, hvort félagið sé útsvarsskylt til bæjarsjóðs í Reykjavík.

Sláturfélagið tilkynnti firma sitt árið 1908 og er firmað auglýst í B-deild Stjórnartíðindanna. Í firma- tilkynningunni segir meðal annars svo: »(Hlutafé- lagið) Sláturfélag Suðurlands, sameignarfélag, rekur verzlun með íslenskar afurðir og slátrar búfé«. »Að- alskrifstofa í Reykjavík«. »Hlutafé, stofnfé, er 30000 krónur«. »Hlutabréfin, stofnbreðin, hljóða á nafn.« »Forstjóri H. Thorarensen ritar firmað«. »Prókúru- hafi er Hannes Thorarensen«. Lög Sláturfélagsins,

gefn út 20. júní 1911, eru framlögð í málinu og verður að gera ráð fyrir, að lög þessi séu nógildandi lög félagsins, enda hefir stefndi beint vitnað til þeirra fyrir fógætaréttinum. Þar segir svo í 1. gr. að heimili félagsins sé í Reykjavík, og er síðan sagt yfir hvaða svæði félagið nái. 2. gr. segir tilgang félagsins vera, að gera sölu sláturfénaðar hagkvæma og eðlilega með ýmsu móti og þannig að seljendur fái alt verð fénaðar síns að kostnaði frádregnum. Samkvæmt 3. gr. hefir félagið sláturhús í Reykjavík. Eftir 7. gr. er hver félagsmaður Sláturfélagsins skuldbundinn til að skifta við sláturhús félagsins með »alt sauðfé og nautgripi«, er hann selur til slátrunar. Eftir 11. gr. eru 9 menn í stjórn félagsins og eftir 12. gr. velja þeir sér árlega formann og varaformann úr sínum flokki, og tvo menn í framkvæmdarnefnd með forstjóra; stjórnin ræður alla starfsmenn félagsins. Eftir 14. gr. ræður »forstjóri« verkamenn, hefir á hendi gjaldkerastörf fyrir félagið, annast sölu á öllum vörum frá því og yfir höfuð framkvæmd alls, er starfsemi þess viðkemur. Eftir 15. gr. gefur félagið út stofnbréf upp á 10 og 50 kr. hvert, og er hver félagsmaður skyldugur til að kaupa eitt eða fleiri þeirra. Félagsmenn fá 5% árlega í vexti af stofnbréfum sínum. Eftir 17. gr. getur félagsstjórnin tekið lán gegn veði í eignum félagsins bæði til að standast stofnunarkostnað og reksturskostnað. Eftir 19. grein skulu endurskoðunarmenn að minsta kosti tvisvar á ári rannsaka allan fjárhag félagsins. Eftir 20. gr. getur stjórnin ákveðið að leggja skuli árlega alt að  $\frac{1}{2}\%$  af verzlunarpupphæð félagsins í viðlagasjóð,

en sjóðurinn skal ávaxtast á tryggilegan hátt. Eftir 24. gr. er forstjóra heimilt að kaupa sláturfénað af utanfélagsmönnum og að slátra fyrir utanfélagsmenn, ef hann sér félaginu hag í því. Eftir 25. gr. deilist ágóði af ársverzlun félagsins milli félagsmanna í hlutfalli við verð þess fénaðar, er þeir hafa verzlað með í félaginu á því ári, og í sömu grein er beint sagt að verzlunarágóði félagsins sé mismunur á því, sem borgað hefir verið og inn hefir komið fyrir vörur félagsins, að frádregnum kostnaði, afborgun og vöxtum af skuldum og tillagi til viðlagasjóðs. 28. gr. laganna segir: »Meðan félagið heldur áfram störfum, er stofnunin eign félagsmanna í réttu hlutfalli við stofnbreifeign þeirra og verzlunarmagn í félaginu«.

Af gögnum þessum þykir nú mega draga þá ályktun með fullri vissu, að Sláturfélagið, hvort sem það annars er kallað samvinnufélag eða sameignarfélag, er samband eða félag bænda, fjár- og gripa-eigenda, er rekur verzlunaratvinnu í Reykjavík, þar sem heimilisfang félagsins er, og þar sem forstjóri eða framkvæmdarstjóri þess er búsettur, og verkamenn og starfsmenn félagsins eru heimilisfastir, þar sem félagið á miklar húseignir og stóra og dýra lóð og þar sem það hefir sérstaka söludeild, enda er það alkunnugt að félagið hefir um nokkurra ára skeið undanfarið rekið verzlun í Reykjavík með kjöt og sláturafurðir.

Ekkert vafamál virðist það vera, að það verði að telja þessa verzlun arðsama atvinnu, þó að félagið safni eigi arðinum nema að mjög litlu leyti í sjóð, en skifti honum öllum að frádregnum reksturskostn-

aði milli félagsmanna sbr. 2. og 25. gr. félagslaganna. En með reksturskostnaði verður að telja gjöld þau og skatta, er að lögum verður að greiða fyrir félagið þar sem það rekur atvinnuna. Sjálf lög félagsins heimila þannig beint með orðunum: »að frádregnum kostnaði« í 2. og 25. gr. félagslaganna og geri ráð fyrir að greidd séu af afla félagsins bæjargjöld þau og landssjóðsgjöld, er löggjöf landsins leggur á félagið, eða lögum samkvæmt er jafnað á félagið. Og eftir þessum málavöxtum getur það ekki talist neitt vafamál, að Sláturfélagi Suðurlands er skylt að greiða aukaútsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur, þaræð það er mikilsháttar atvinnurekandi í bæjarfélaginu og á þar stóra fasteign, sem það notar við atvinnureksturinn. Niðurjöfnunarnefndinni var fyrir því heimilt að jafna aukaútsvari á félagið samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, 22. gr. og lögum nr. 18, 19. okt. 1877, 3. gr., og þegar félagið eigi greiddi hið niðurjafnaða gjald, var það réttur bæjarstjórnarinnar að láta taka það lögtaki. Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er því rangur, að því leyti hann synjaði um lögtakið, og verður að fella úrskurðinn úr gildi samkvæmt kröfu áfrýjanda, og jafnframt verður að leggja fyrir fógetann í Reykjavík að gera lögtak fyrir aukaútsvarsupphæðinni 1300 kr. hjá Sláturfélaginu, og skal þess um leið getið, að það liggur alveg fyrir utan verksvið fógeta og dómstólanna yfirleitt, að lækka þessa upphæð eða breyta henni á nokkurn hátt, enda verður það eigi séð af útsvarsseðlinum, að útsvarsupphæðin eigi fremur við Sláturfélagið yfirleitt, en söludeild þess



eina. Upphæðin stendur því eins og niðurföfnunar-  
nefndin hefir ákveðið hana.

Eftir þeim úrslitum, sem málið þannig fær, þyk-  
ir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir  
yfirdómi og ákveðst hann 80 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er úr gildi  
feldur. Bæjarfógetanum í Reykjavík ber að gera  
lögtað hjá stefnda, Sláturfélagi Suðurlands, fyrir  
aukaútsvari 1300 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur,  
er jafnað var á félagið árið 1915. Stefndi greiði  
áfrýjanda, borgarstjóra Reykjavíkur fyrir hönd  
bæjarsjóðs 80 kr. í málskostnað, og lúkist upp-  
hæðin áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birt-  
ingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. janúar 1917.

Nr. 53/1916.

Margrét Zoëga  
gegn  
ráðherra Íslands  
fyrir hönd landssjóðs.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði ekkjufrú Margrét Zoëga, til